

## Hverfisgata 125 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. október 2023 var lögð fram fyrirspurn Páls Daníelssonar, dags. 4. júlí 2023, um aðgengi að bílastæðum við lóð nr. 125 við Hverfisgötu. Einnig er lögð fram yfirlitsmynd sem búið er að skissa á. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju.



Samþykkt deiliskipulag



Loftmynd af svæðinu, rauða lína sýnir lóðarmörk.

## Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og íbúðarsvæðinu Tún.

Deiliskipulag/ Hverfissskipulag: Í gildi er deiliskipulag Hlemmur +, Skúlagarðsreitir vestur 1.222.1, samþykkt í borgarráði 20 júlí 2006.

## Umsögn

Húsið á lóð nr.125 við Hverfisgötu er hluti af heilsteyptri byggð Skúlagarðreita vestur. Árið 2006 hefur þáverandi lóðarhafi greitt sig frá því að gera 13 stæði innan lóðar, var það gert í samræmi við heimildir í eldra deiliskipulagi, en heimilt var að greiða gjald fyrir hvert bílastæði sem ekki var gert í samræmi við kvaðir í deiliskipulagi. Heildarfjöldi bílastæða átti skv. eldra skipulagi að vera 9 stæði fyrir íbúðir (1 stæði pr. íbúð) og 6 stæði vegna þjónusturýmis, samtals 15 stæði – en lóðarhafi hefur áður greitt sig frá 2 stæðum og því mismunurinn 13 stæði.

Engin stæði eru sýnd innan lóðar á deiliskipulagi, mæliblöðum, aðaluppdráttum eða öðrum samþykktum skipulagsgögnum fyrir lóðina í samræmi við ofangreint. Það að viðkomandi hafi greitt fyrir að gera ekki stæði innan lóðar veitir ekki forgang í stæði í borgarlandi. Íbúar með lögheimili í húsinu geta sótt um íbúakort til að leggja á svæðinu.

## Niðurstaða

- Neikvætt samanber umsögn hér að ofan.

## f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri